

Nd. **851. Breytingartillaga** [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds, Friðjóni Þórðarsyni, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni,
Níelsi Árna Lund, Kristínu Halldórsdóttur og Óla P. Guðbjartssyni.

Aftan við lögin komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.